



HVATARBLAÐIÐ

17. júní 2023

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Borgarsvæðinu
verða 17. júní hátíðarhöldin á Sólheimum þetta árið

Kl. 13.00 Skrúðganga frá Sesseljuhúsi að íþróttaleikhúsi
(bilastæði við Vigdisarhús og Sesseljuhús)

Hátíðaræða

Ávarp fjallkonu

Skemmtiatriði

Grillaðar pylsur og gos selt til styrktar

Skátafélags Sólheima

Leiktæki

Maggi Kjartans og félagar

(Þau börn sem eiga fana frá fyrri árum endilega munið eftir þeim)



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG



Ársreikningur 2022 – jákvæð afkoma

Niðurstöður rekstrarársins 2022 voru nokkuð framar vonum en rekstur sveitarfélagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Heildarvelta sveitarfélagsins á árinu 2022 samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta nam 1.517,8 mkr. og er 225,5 mkr. yfir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins samtals námu 930,6 mkr sem er 56,5 mkr. yfir áætlun. Samtals námu rekstrartekjur A hluta 1.320,8 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.093,6 mkr, rekstrartekjur samstæðu A og B hluta voru samtals 1.517,8 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 1.292,2 mkr.

Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um 52,1 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 13,4 mkr.

Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila sveitarfélagsins er einnig jákvæð að fjárhæð 76,9 mkr. og er afkoman 63,9 mkr. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Veltufé frá rekstri A hluta var í árslok 325 mkr en áætlun hafði gert ráð fyrir 167 mkr, handbært fé frá rekstri A hluta var 342 mkr. í stað 166 sem áætlun hafði gert ráð fyrir. Samstæðan skilaði 455 mkr í veltufé frá rekstri í stað 248 mkr sem áætlun hafði gert ráð fyrir og handbært fé frá rekstri í samstæðu A og B hluta var 502 mkr.

Skuldahlutfall sveitarfélagsins í samanteknum A og B hluta er 76,2%, sem er vel undir skulðþakinu sem gerir kröfu um að hlutfallið fari ekki yfir 150%.

Segja má að sveitarfélagið hafi mjög heilbrigðan rekstur og sé vel í stakk búið fyrir þá miklu uppbyggingu sem fyrirhuguð er á komandi árum.

Þessi niðurstaða er ekki síst til komin vegna góðs samstarfs sveitarstjórnar og starfslíðs sveitarfélagsins. Eg vil því að endingu taka fram að við sem samfélag erum virkilega heppin með þann góða mannauð sem sveitarfélagið hefur á að skipa og eiga þau þakkir skilið fyrir ótult starf og skynsemi og árvekni í sínum störfum.

Iðna Marsibil, sveitarstjóri

5654

Útbod

Skólaakstur fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp

Consensa fyrir hönd Grímsnes- og Grafningshrepps óskar eftir tilboðum í skólaakstur í Grímsnes- og Grafningshreppi. Um er að ræða skólaakstur milli heimilis og grunnskóla samkvæmt akstursáætlun og annan tilfallandi akstur sem skipt er upp í þrjá samningshluta eftir akstursleiðum.

Hægt er að sækja öll útbodsgögn án greiðslu á útbodsvefnum www.tendsign.is

Tilboðum skal skilað með rafrænum hætti á útbodsvef eigi síðar en kl. 12:00 þann 20. júní 2023.

Nánari upplýsingar má finna á www.consensa.is/utbod/auglyst-utbod



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



CONSENSA

Hreindís

1. tölublað · 38. árgangur · júní 2023 · útgefandi Sólheimar ses.



Sólheimar 1930-2023

Verið hjartanlega velkomin á Menningarveislu Sólheima 2023
3.júní til 20.ágúst
Setning Menningarveislu verður á Péturstorgi 3. Júní klukkan 13:00

Sólheimar voru stofnaðir af Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur 5.júlí 1930 sem þá var 28 ára gömul og fögnum því 93 ára afmæli í ár.

Að venju verður margt um að vera á Menningarveislunni, tónleikar (sjá baksíðu), sýningar, markaðstorg, leiðsagnir og ávalt óvæntar uppkomur. Njótið veislunnar!

Welcome dear guest to Sólheimar, Eco villages for 93 years and to our Cultural Festival 2023

Lots of fun things to do over the summer!

Throughout the summer, from the beginning of June to the end of August, there will be a **concert** in our **church** or outside if the weather is good, hopefully every Saturday at 14:00

The shop **Vala**, the coffee shop **Græna Kannan** and all exhibitions are open from 11:00-18:00 every day in summer.

You want to stay?
Well check out our guesthouses! Visit: <https://stayinsolheimar.is/>

Exhibitions:
Café Græna Kannan
Exhibition from Sólheimar Art Workshops.

Sólheimar house, The story!
Exhibition about the live and work of our founder Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir
Guided tours only: call 855-6080
Cost 1.500.- kr per adult and 700.- kr per child.

Recommendation:
Enjoy your stay in Sólheimar
Make the most of your days.

www.solheimar.is

Verslunin Vala

Frumleg sköpunargleði er uppspretta fjölbreyttra listaverka á Sólheimum sem finna má í versluninni Völu og á solheimar.is

Sögusafn Sólheima „Í Sólheimahúsi“

Safn um sögu Sólheima og ævi og starf Sesselju Hreindísar Sigmundsdóttur, stofnanda Sólheima.

Safnið er opið:
frá kl. 13:00 – 17:00
frá 2. júní – 20. ágúst 2023.

Aðgangseyrir: kr. 1.500 fyrir fullorðna og kr. 700 fyrir börn.
Útan opnunartíma er hægt að bóka leiðsögn um safnið, í síma 855-6080.

Njóttu Sólheima yfir nótt

Gistiheimilið Brekkukot og Veghús verða með góð tilboð í allt sumar.

Kannaðu tilboðin á heimasidurni.okkar.com www.solheimar.is

Græna Kannan

Opið alla daga 11:00-18:00

Ef þú vilt upplifa Sólheima með bragðlaukunum þá er Græna Kannan þinn heppilegasti kostur. Þar getur þú nært þig með hráefni úr nærumhverfinu svo sem Gróðurhúsini Sunnu og matjurtagardí Sólheima sem eru staðsett í hjarta Sólheima.

Skannaðu köðann og fylgdu okkur á lífflegri Instagramsíðu Sólheima [#solheimareco](https://www.instagram.com/solheimareco)

Tónleikadagskrá – Menningarveisla Sólheima 2023

Tónleikar hefjast klukkan 14:00 í Sólheimakirkju nema ef úti sé veður gott, eða annað sé kynnt.



Íþróttaleikhúsið
3. júní - kl. 14:00
Stjórnulið Sólheima

Sólheimakirkja
15. júlí - kl. 14:00
Fríða Dís



Sólheimakirkja
10. júní - kl. 14:00
Langi Seli og Skuggarnir

Sólheimakirkja
22. júlí - kl. 14:00
Dániel Hjálmtýrsson



Sólheimakirkja
17. júní - kl. 14:00
Maggi Kjartans og félagar
Hátíðardagskrá GÖGG
Íþróttaleikhúsið og á torgi.

Sólheimakirkja
29. júlí - kl. 14:00
Sigga Ósk



Sólheimakirkja
24. júní - kl. 14:00
Jónas Þórir, Diddú og Jóhann Friðgeir
Diddú og Jóhann Friðgeir flytja ariur og sönglög við undirleik Jónasar Þóris.

Sólheimakirkja
5. ágúst - kl. 14:00
Guðrún Gunnarsdóttir og Jónas Þórir
Guðrún flytur lög Ellýar Vilhjálms við undirleik Jónasar Þóris.



Sólheimakirkja
1. júlí - kl. 14:00
Hljómsveitin Eva

Sólheimakirkja
12. ágúst - kl. 14:00
Lón



Sólheimakirkja
8. júlí - kl. 14:00
Kólga

Sólheimakirkja
19. ágúst - kl. 14:00
Vinir Ragga Bjarna
Þorgeir Ástvaldsson, Björgvin Franz og Ásgeir Páll Minningartónleikar



Styrktaraðilar Menningarveislu Sólheima 2023:

AZTIQ



fierna
GARÐURINN
-klæðir þig vel



SÓLHEIMAR
SÁLFRJÓFT SAMFELAG

1. Hringtorg og bílastæði
2. Veghús Gæðheimi
3. Brekkulot Gæðheimi
4. Verkinin Vaki, Græna Kannan, Lúthús Sólheima, Péturstorg og Markaðstorg
5. Sesseljúhið, gestamóttaka, íeðsagnir og yrningar
6. Sólheimakirkja, tónleikar
7. Íþróttaleikhúsið
8. Garðyrkjustöðin Sunna
9. Skógræktarstöðin Ökur
10. Tröllagarður
11. Hóggmyndar- og þjóðagarður
12. Vigðisarkúsið, skrifstofur
13. Sólheimahúsið, Sögusýning og Ágðiból
14. Ingustofa, vinnustofur, hæðing
15. Ólasmíðja, vinnustofur, hæðing
16. Loppumarkaður og bókaúð Gullu
17. Flóðahringur, gönguleið 2,3 km
18. Flóðahringur, gönguleið 1,7 km

Dagskrá

Polish
Witaj drogi Gościu w Sólheimar, w 93. rocznicę ekologicznej i na szczyt Festiwalu Kultury 2023

W Soðheimar tego lata, czeka na Ciebie mnóstwo fajnych rzeczy do zrobienia!
Przeżycie lato, od początku czerwca do końca sierpnia, w każdą sobotę o 14:00 zapraszamy na koncerty do naszego kościoła, a jeśli pogoda dopisze, na plac obok kawiarni Græna Kannan.
Sklep Vala, kawiarnia Græna Kannan i wszystkie wystawy otwarte są latem codziennie od 11:00 do 18:00.

Chcesz zostać dłużej?

Sprawdź nasze pensjonaty:
<https://stayinsolheimar.is/>

Wystawy

Kawiarnia Græna Kannan
Wystawa z Wzrostu Artystycznych Sólheimar.

Sesseljuhús

Wystawa „ONÍ” Wystawa malarstwa Guðrún Arndís Tryggvadóttir

Dom Sólheimar, muzeum Histónil
Wystawa o życiu i twórczości naszego założyciela Sesselja Hreidís Sigmundsdóttir

Tylko wycieczki z przewodnikiem:
zadzwonić pod numer 855-6080
Koszt: 1500 ISK za osobę
dozwoła 1700 ISK za dziecko

Zyczymy udanego

pobytu w Sólheimar. Cieszyć się latem razem z nami.

Hátíðardagskrá Grímsnes og Grafingshrepps haldin á Sólheimum

Laugardaginn 17. júní

13:00 SKRÚÐGANGA FRÁ TJÖRNINI VIÐ SESSJELJUHÚS

13:30 HÁTÍÐARDAGSKRÁ Í ÍÞRÓTTALEIKHÚSI

14:30 SKEMMTIDAGSKRÁ Á PÉTURSTORGI

• Meggi Kjartans og félagar.

• Skátar í skátaleig Sólheima grilla pylsur.

Tilboð á pylsu og gosi á Péturstorgi fyrir gott málefni.

Kaffihúsið Græna Kannan verður einnig með góð tilboð í tilefni dagsins.

Öll hjartanlega velkomin!



Sólheimakirkja

Sunnudagana 25. júní, 16. júlí og 27. ágúst

14:00 GUÐÞJÓNUSTA

All laugardaga frá 3. júní til 19. ágúst

14:00 TÓNLEIKAR sjá á bakslóðu

Miðvikudaginn 5. júlí

Afmælisdagur Sólheima

93 ára frá stofnun Sólheima 1930-2023

Sunnudagurinn 20. ágúst

Fjóliskýldagurinn, opni dagurinn og lífræni dagurinn

Lokadagur Menningarveisu Sólheima

Um margt að velja: Fyrirlestur í Sesseljuhúsi

Sýningar, leikir fyrir börn, kaffihús

Nánar um dagskrá dagina á www.solheimar.is

Aðugaverðar sýningar

Sjá númer á korti.

„Í Sólheimahúsi”

Sögu sýning um æfi og starf Sesselja Hreidísar Sigmundsdóttur stofnanda Sólheima sem bjó húsinu frá fyrsta degi til dauðadags

Sesseljuhús sýningin

ONÍ – málverkasýning Guðrúnar Arndísar Tryggvadóttur

Listhús Græna Kannanar

Aðleg samsýning listvinnustofa, Vinnustofa Sólheima skarta öflugri listafólki sem sýnir myndlist sína í listsal Græna Kannanar

Höggmyndadagurur – málsvæði

Ljóbagarður – málsvæði

Trollagarðurur – milli illa skóga og sunnu

Trjágarðurur – við Olur skógaættarstöð


Grænni í 56 ár – göngustígur við Sesseljuhús

Eins og gerst hafi í gær – tún ofan við Græna Kannan

Mímíngarperlur – tún ofan við Græna Kannan

Troll í trjáum – ofan við Græna Kannan

Leiksvæði – tún ofan við verslun trampól, frístíðaleikarfa og vélingabatur



ONÍ - sýning Guðrúnar Arndísar Tryggvadóttur í Sesseljuhúsi

Þann 3. júní kl. 15:00 opnar Guðrún Arndís Tryggvadóttir sýninguna ONÍ í vestursal Sesseljuhúss umhverfisseturs á Sólheimum í Grímsnesi. Sýningin stendur til 20. ágúst.

„Í verkunum á sýningunni er ég að kafa ofan í (ONÍ) efnisheiminn, jörðina og hafið og reyna að skoða sögu okkar í jarðlögum annars vegar og ástandi lífsins í hafinu hins vegar. Með verkunum er ég að leitast við að leiða mig sjálfa og nú áhorfendur, í ferðalag til að skoða það sem er okkur annars ekki sýnilegt og við leiðum hugann jafnvel ekki að, öllu jafna.

Í stórum dráttum má segja að ég sé að fjalla um tímann, breytingar sem verða á umhverfið beint og óbeint af okkar völdum og þá staðreynd að öll efnisleg gæði, grundvöllur lífs okkar, komi úr jörðinni og úr hafinu og snúi þangað aftur að lokum. Sýningunni fylgir sýningarskrá á íslensku og ensku.

Um listamanninn:

Guðrún Arndís Tryggvadóttir er fædd í Reykjavík árið 1958. Hún fékk inngöngu í Myndlista- og handíðaskóla Íslands sextán ára gömul, fór í framhaldsnám til Parísar og síðan til München þar sem hún hlaut æðstu verðlaun akademíunnar við útskrift. Tveggja ára dvöl á Íslandi fylgdi í kjölfarið, starfslaun listamanna og einkasýning á Kjarvalsstöðum 1987 en síðan fór hún til Berlínar í eitt ár og til Bandaríkjanna í fimm ár þar sem hún tók þátt í fjölda sýninga. Hún átti síðan eins árs viðdvöl á Íslandi veturinn 1992-1993 og stofnaði þá myndmenntaskólann Rými. Síðan lá leiðin aftur til Þýskalands þar sem hún stofnaði hönnunarstofuna Kunst & Werbung, málaði og var m.a. fengin til að hanna minnisvarða fyrir borgina Großalmerode. Guðrún sneri aftur til Íslands um aldamótin 2000. Eftir heimkomuna urðu nátturuvernd og umhverfismál henni æ mikilvægari. Árið 2004 hóf hún undirbúning að stofnun umhverfisvefsins Náttúran.is sem hún rak til ársins 2016. Frá árinu 2017 hefur hún starfað sem landvörður meðfram listsköpun sinni og rekið fræðslu- og útgáfufélagið Listrými sem gaf m.a. út bókina Lífsverk - Þrettán kirkjur Ámunda Jónssonar árið 2019 en Ámundi var einn virtasti lista- og handverksmaður 18. aldar á Suðurlandi. Guðrún hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín, bæði á sviði umhverfismála og menningarmiðlunar sem og fyrir myndlist sína. Verk hennar byggja á sterkum hugmyndafræðilegum og oft sögulegum grunni en hún gerir sífellt tilraunir með nýja tækni og frásagnaraðferðir í list sinni. Nánar um verk og feril Guðrúnar á www.tryggvadottir.com.



Ungmennafélagið Hvöt býður upp á námskeið með BMX brós fimmtudaginn 22. júní. Námskeiðið verður á Borg, er fyrir krakka á grunnskólaaldri og kostar 3000 krónur á barn. Þátttakendur koma með eigin hjól (þurfa ekki að vera BMX hjól).

Námskeiðið er kl. 14:00-16:00 en kennararnir verða með smá sýningu kl. 16:00 og ungmennafélagið býður upp á grillaðar pylsur fyrir þátttakendur og aðra sem vilja koma og horfa á sýninguna.

Skráning á umfhvot@gmail.com fyrir 10. júní.



Tíminn líður hratt þegar það er gaman.

Það er komið ár síðan sveitarstjórnarkosningarnar voru haldnar og E-listinn hélt meirihluta í sveitarstjórn. Ég og við í E-listanum erum þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri frá ykkur kæru íbúar til að halda áfram að vinna að þeim málum sem við vorum byrjuð á.

Mikið hefur verið í gangi í skipulagsmálum í sveitarfélaginu undanfarin ár og hefur nú tekið gildi deiliskipulag fyrir athafnasvæðið og verður hafist handa við gatnagerð þar í sumar. Lóðum á svæðinu verður svo vonandi úthlutað á næstu mánuðum. Á næstu dögum verður farið í útboð á viðbyggingu við íþróttamiðstöðina en sú vinna hefur tafist m.a. vegna þess að ekkert tilboð barst í alútbóð á sínum tíma. Deiliskipulagið fyrir miðsvæðið, verslunar- og þjónustusvæðið, hefur einnig tekið gildi og er stefnan tekin á að framkvæmdir hefjist þar síðar á árinu. Jafnframt er í auglýsingu deiliskipulag fyrir íbúabyggð vestan megin við stjórnsýsluhúsið á Borg en mikil uppbygging er að eiga sér stað í þéttbýlinu þar sem nánast öllum lóðum var úthlutað á síðasta ári og sjáum við fram á talsverða aukningu á íbúðarhúsnæði á næstu mánuðum.

Íbúum í sveitarfélaginu fjölgar stöðugt og má segja það sama um verkefni sveitarstjórnar. Meðal verkefna er t.d. að nýlega var samþykkt húsnæðisáætlun fyrir sveitarfélagið, verið er að vinna loftslagsstefnu og atvinnumálastefna Uppsveitanna er á lokametrunum. Fulltrúar á vegum E-listans sinna ýmsum stjórnar og nefndarstörfum og má þar nefna að undirrituð situr m.a. sem formaður stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga sem vinnur markvisst að því að tryggja nærsamfélaginu ávinning af orkuvinnslu. Sveitarfélagið er þátttakandi í þó nokkrum byggðasamlögum og má þar helst nefna Héraðsnefnd Árnesinga, Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita, Bergrisann og Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings o.fl. Það hefur oft verið sagt um sunnlensk sveitarfélög að þau séu meistarar í byggðasamlögum en þessi byggðasamlög og önnur verkefni sveitarfélagsins byggja á góðu samstarfi og samtali ólíkra aðila. Við búum að því að það er lítið til okkar sveitarfélags í mörgum verkefnum og má þar einna helst nefna úrgangsmálin.

Við sem samfélag megum vera stolt af því að hafa frábæra starfsmenn hjá sveitarfélaginu, gott og uppbyggilegt félagsstarf hjá okkar fjölmörgu félagasamtökum ásamt því að hafa virkar og framkvæmdaglaðar nefndir í sveitarfélaginu en án þessa fólks væri samfélagið snautt.

Ég vona að sumarið fari að láta sjá sig með sól og sumaryl og minni á að ykkur er alltaf velkomið að hafa samband, ekkert mál er of lítið eða ómerkilegt.

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

GRÍMSÆVINTÝRI

Borg 12. ágúst 2023



Grímsævintýri á Borg, 12. ágúst 2023

Við í Kvenfélagi Grímsneshrepps erum byrjaðar að huga að okkar árlegu Grímsævintýrum sem verða haldin laugardaginn 12. ágúst í ár.

Tombóla, fjölskylduhátíð, markaður!

Ert þú með þína framleiðslu í handverki
sem þú vilt selja?

Endilega bókaðu borð á Grímsævintýrunum.

Lítið borð: 4.500kr Stórt borð: 5.500kr

Tekið er við borðapöntunum fyrir markaðinn

á netfangið grimsaevintyri@gmail.com

Fylgstu með viðburðinum á Facebook –

Grímsævintýri á Borg 2023

Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2023

26. janúar	Grímsævintýri að góðu breytingarskeiði, erindi á Flóðum
25. febrúar	Aðalfundur
29. apríl	Árshundur SSK, haldinn í Félagsheimilinu Borg
Mái	Vorganga í yndisskógi á Borg
17. maí	Vorfundur
5. júní	Vorganga og fögnuður í Mörkinni
17. júní	Fjallkonan
Júní/Júlí/Ágú	Heldriborgaraferð
Júní	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
9.-11. ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
12. ágúst	Grímsævintýri
14. septemb.	Haustfundur/ gróðursetning í yndisskógi á Borg
23. septemb.	Dagsferð að hausti
27. október	Grimuball
Nóvember	Jólabingó
Nóvember	Jólafundur



Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.



Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst


Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS ALLAN SÓLARHRINGINN

Saumakompan



TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

FRÉTTAMOLAR FRÁ LANDSVIRKJUN

Í mörgu að snúast á Sogssvæði

Hreinsað innan úr stíflu í Ljósafossi

Unnið hefur verið að hreinsun á leir úr stíflu Ljósafossstöðvar í vetur og lauk verkinu í byrjun aprilmánaðar. Stíflan er svokölluð plötustífla, líkt og stífla Írafossstöðvar, og er hún byggð þannig að vatnsheldi hluti hennar eru steyptar plötur sem halla út í vatnið fyrir ofan stífluna. Þykkir stoðveggir bera plöturnar uppi og steyptir veggir loka þeim loftmegin, en inni í þeim er rými sem nýtist til eftirlits með stíflunni. Til gamans má nefna að í Ljósafossi hefur þetta rými í gegnum tíðina verið nýtt í ýmislegt annað en eftirlit, svo sem skepnuhald og listsýningar.

Í Ljósafossi hagar þannig til að grunnvatn seytlar upp úr klöppinni á stöku stað inni í stíflunni og ber með sér leir sem smám saman safnast upp inni í henni. Í vetur hefur verið unnið að hreinsun á þessum leir og hefur það verið talsvert verk því ekki er mögulegt að koma við tækjum til að einfalda verkið. Leirinn hefur því verið borinn út í fótum og fluttur burtu í körum. Samhliða þessari hreinsun var fráfrenslí úr stíflunni bætt. Verktakinn sem vann verkið var Þjórtandi ehf.



Gestastofan í Ljósafossi

Sýningin „Orka til framtíðar“
í gestastofu okkar að Ljósafossi
hefur verið opnuð.

Hún verður opin alla virka daga
frá kl 10-17 út ágústmánuð.

Bætt aðgengi til eftirlits inni í Írafossstíflu

Aðstæður inni í Írafossstíflu eru svipaðar og í Ljósafossi, nema að þar er stíflan hærri og gengið er eftir stíflunni innanverðri á steyptri brú sem liggur eftir stíflunni endilangri. Nýlega var gert nýtt hurðarop inn í stífluna loftmegin að vestanverðu til að auðvelda aðgengi og einnig var settur upp öryggisvir meðfram brúnni inni í stíflunni, til að tryggja öruggar aðstæður til eftirlits.



Útkallsæfing í Írafossi

Gott samstarf er á milli okkar hjá Landsvirkjun í Soginu og Brunavarna Árnassýslu. Haldnar eru útkallsæfingar tvisvar á ári þar sem lögð er áhersla á leit, björgun og vatnsöflun, núna síðast þann 29. apríl síðastliðinn í Írafossi. Markmiðið með reglulegum æfingum er að slökkviliðsmenn kynnist húsakynnum okkar og læri um helstu hættur innanhúss og utan-.

Tilgangurinn er einnig að æfa samvinnu milli starfsmanna Landsvirkjunar og slökkviliðsmanna, til að gera upplýsingafiði milli aðila á vettvangi sem best og lágmarka þar með áhættu starfsmanna og björgunaraðila í þeim atvikum sem upp kunna að koma.



SUMARDAGSKRÁ

FYRSTI HLUTI



4. JÚNÍ SJÓMANNADAGSKAFFI - 14.00 - 17.00



9. JÚNÍ HLÖÐUBALL Á BRÚ - TAKIÐ KVÖLDIÐ FRÁ AUGLÝST NÁNAR Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM



17. JÚNÍ HNALLÞÓRUBOÐ - 14.00 - 17.00



MINNUM Á KVÖLDVERÐARHLAÐBORÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 19.00
- BÓKIÐ BORÐ TIL AÐ EIGA ÖRUGG SÆTI -

FYLGIST MEÐ Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM



PUB QUIZ
Tintron

25 ÁRA AFMÆLI
GOGG

LAU
3. JÚN

MIÐASALA Á
WWW.TINTRON.IS

AFMÆLIS
Skemmtikvöld

HÚSID OPNAR KL 20.00
PIZZAVAGNINN VERÐUR Á SVÆÐINU

HLJÓMSVEITIN
SUNNAN SEX

TINTRON

25 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ
GOGG

*Sunnudaginn
4. júní*

*Fjölskylduratleikur í
Yndisskógi kl. 13:00*

*Afmæliskaffi og kaka í
félagsheimilinu kl. 15:00*

*Sundlaugarpartý kl. 16:00 með
Dj. Atla Kanil - FRÍTT í sund*

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

**Verzlunin
Borg**

SÍMI: 551 7509

OPNUNARTÍMI FRÁ 15. MAÍ 2023

MÁNUDAGA - FIMMTUDAGA 09:00 - 19:00
FOSTUDAGA OG LAUGARDAGA 09:00 - 21:00
SUNNUDAGA 11:00 - 19:00

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

JÞ VERK
2022

JÞ Verk ehf.
Jarðvinnuverktaki

**Jóhannes 848-1123 &
Guðmundur 868-4115**

jtverkehlf@gmail.com

Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar í júní

Fimmtudaginn 1. júní 08:15 til 09:30:00

Mánudaginn 5. júní 14:00 til 17:00

Þriðjudaginn 6. júní 14:00 til 17:00

Mánudaginn 12. júní 14:00 til 16:00

Þriðjudaginn 13. júní 14:00 til 16:00

Kvöldopnun:

Fimmtudaginn 1. júní frá 19:30 til 21:30

Þriðjudaginn 6. júní frá 19:30 til 22:00—Handverkskvöld

Lokað vegna sumarleyfis frá 14. júní til 8. ágúst.

Gjaldskrá bókasafnsins árið 2023

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500 kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn 1.000 kr.

Ljósritun og prentun á A4 blaði 30 kr.

Ljósritun á A3 blaði og litprentun 50 kr.

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útlámsgagn glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.



Handverkskvöld 6. júní kl. 19:30

á Bókasafni Grímsnes- og Grafningshrepps. Endilega kíkið og hafið með ykkur handverk, öll velkomin.

Græna Kannan – Kaffihús Sólheimum



Opnunartími Grænu könnunnar og
Völu í júní 2023

Virkir dagar 11:00 til 18:00

Helgar og helgidagar 11:00 til 18:00

Mötuneytið er opið alla virka daga
frá 11:30 til 13:30



Mötuneytið er opið almenningi

Græna Kannan er kaffi- og samveruhús íbúa Sólheima og gesta. Ef þú vilt upplifa Sólheima með bragðlaukunum þá er Græna Kannan þinn heppilegasti kostur. Græna Kannan er staðsett í hjarta Sólheima og notar hráefni úr nærumhverfinu svo sem gróðurhúsinu Sunnu og matjurtagarðinum Tröllagarði.

Í Grænu Könnunni má einnig finna Listmunaverslunina Völu, fallega listmuni, kerti, tún vottaðar jurtavörur sem eru framleiddar úr náttúrulegum hráefnum og jurtum úr jurtagarði Sólheima, auk fullt af spennandi vörum sem íbúar Sólheima búa til. Oft eru uppakomur á kaffihúsinu og má sjá yfirlit yfir komandi atburði í dálknum „Á döfinni“ í Upplýsingatorginu.

Verið velkomin í kaffi á Grænu Könnuna!





Sveitarstjórn 546. fundur 03. maí 2023
kl. 09:00–11:40 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir oddviti
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði
Iða Marsibil Jónsdóttir

Fundargerðir.

a) Fundargerð 8. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 2. maí 2023. Mál nr. 8 og 9 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 8. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 2. maí 2023.

Mál nr. 8; Minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 25.04.2023 um endurnýjun á heitum pottum við sundlaug.

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 25.04.2023 um endurnýjun á heitum pottum við sundlaug. Núverandi pottar eru orðnir töluvert skemmdir enda komnir til ára sinna. Áætlaður kostnaður við endurnýjun potta með efni og vinnu er 5.664.458 kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að pottarnir verði endurnýjaðir sem fyrst og að verkinu verði lokið fyrir sumarið. Verkið rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Mál nr. 9; Minnisblað Ragnars Guðmundssonar 19.04.2023 um gatnagerðargjald í þéttbýli.

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 19.04.2023 um gatnagerðargjöld í sveitarfélaginu. Í minnisblaðinu er farið yfir núverandi fyrirkomulag á innheimtu gatnagerðargjalda ásamt tillögu að breytingum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hefja vinnu við endurskoðun á gatnagerðargjöldum og samþykkt um gatnagerðargjöld og felur Ragnari Guðmundssyni umsjónarmanni framkvæmda og veitna að málinu.

b) Fundargerð 258. fundar skipulagsnefndar UTU, 12. apríl 2023. Mál nr. 12, 13, 14, 15, 16 og 19 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar. Lögð fram fundargerð 258. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 12. apríl 2023.

Mál nr. 12; Hallkelshólar lóð (L168514); byggingarleyfi; dæluhús mhl 9, 10 og 11 - 2304023

Fyrir liggur umsókn Ingibórs Björnssonar fyrir hönd Íspór ehf., móttækin 31.03.2023, um byggingarleyfi fyrir þremur dæluhúsum, mhl 09 52,2 m², mhl 10 40 m² og mhl 11 40 m² á jörðinni Hallkelshólar lóð L168514 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 13; Torfastaðir 1 L170828; Bakkahverfi; Stofnun lóðar – 2304028
Lögð er fram umsókn f.h. Torfu ehf er varðar stofnun landeignar úr landi Torfastaða 1 L170828. Um er að ræða 25,7 ha land sem nær utan um þegar deiliskipulagðrar fristundalóðir, sem eru óstofnaðar, ásamt opnu svæði, göngustígum og aðkomuvegum. Óskað er eftir að landið fái staðfangið Bakkahverfi og gert er ráð fyrir að göturnar tvær innan skipulagsins fái staðvísana Njálsgata og Eiríksgata.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun landeignarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn eða framlagðar tillögur að staðfangi og staðvísun innan svæðisins og samþykkir erindið samhljóða.

Mál nr. 14; Ferjubakki 1 og 3; Aðkoma Ferjubakka 1 færð yfir á Mánabakka; Óveruleg breyting á deiliskipulagi - 2304039

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Ferjubakka 1 og 3 í landi Ásgarðs sem tekur til Ferjubakka 1. Í breytingunni felst að aðkomu að lóðinni er breytt þannig að hún verði um Mánabakka.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðar breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi ásamt því að vera grenndarkynnt lóðarhafa Suðurbakka 2.

Mál nr. 15; Ytriá lóð 2 L201359; Bygging 7 smáhýsa; Fyrirspurn - 2304025

Lögð er fram fyrirspurn frá Jóhanni Vigni Gunnarssyni er varðar áform um að byggja 7 smáhýsi á lóðinni Ytriá 2 ætlað til útleigu til ferðamanna.

6 smáhýsi yrðu um 36 m² hvert, ætlað 1-4 einstaklingum hvert, og 1 hýsi um 65 m² með 5 einstaklings herbergjum. Allt í allt um 281 m². Ytriá 2 er horn lóð, 11.900 m², með lóðarmörk að Ytriá 4 að vestanverðu og Hvammsvegi 2 að norðanverðu. Að sunnanverðu er áin Ytriá og liggur Stóri-Háls að henni sunnanverðri. Lóðin er með sér

innkeyrslu frá stofnvegi (Stóra-Hálsvegi). Meðfylgjandi er áætluð uppstilling á lóðinni ásamt nýlegum loftmyndum af svæðinu.

Viðkomandi svæði er skilgreint sem frístundasvæði í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Jafnframt er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið sem gerir ráð fyrir uppbyggingu frístundahúss allt að 200 fm ásamt geymslu, svefnhúsi eða gróðurhúsi að 25 fm. Sveitarstjórn telur að sú uppbygging sem tilgreind er innan fyrirspurnar samræmist ekki aðalskipulagi sveitarfélagsins eða deiliskipulagi. Slík uppbygging væri í öllum tilfellum háð því að viðkomandi svæði yrði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði og unnið væri nýtt deiliskipulag sem tæki sérstaklega á slíkri uppbyggingu.

Mál nr. 16; Vaðnes; Frístundabyggð; 4. áfangi; Deiliskipulag - 2204055

Lögd er fram tillaga deiliskipulags er varðar stækkun frístundabyggðar í landi Vaðness eftir auglýsingu. Breytingar hafa verið gerðar á tillögunni vegna athugasemda sem bárust á auglýsingatíma tillögunnar og hefur umfang tillögunnar minnkað umtalsvert. Í tillögunni felst að gert er nýtt deiliskipulag sem tekur til hluta frístundasvæðis F26 skv. aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 31 sumarhúsaloð á 24,7 hektara svæði. Athugasemdir og umsagnir bárust við auglýsingu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt andsvörum umsækjanda, uppfærðum gögnum og samantekt UTU á athugasemdum og viðbrögðum.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með fyrirvara um að niðurstaða fornleifaskráningar verði færð inn á uppdrátt með fullnægjandi hætti í samræmi við leiðbeiningar Minjastofnunar þess efnis. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við Minjastofnun og málsaðila um uppfærslu gagna í takt við minjaskráningu sem unnin hefur verið fyrir svæðið. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og samantektar á athugasemdum og andsvörum að öðru leiti. Umfang svæðisins hefur verið minnkað umtalsvert í takt við athugasemdir hagsmunaaðila á aðliggjandi svæði. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þeim sem athugasemdir gerðu verði tilkynnt um niðurstöðu sveitarfélagsins.

Mál nr. 19; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-182 - 2303004F

Lögd er fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-182.

c) Fundargerð 98. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 22. febrúar 2023.

Lögd fram til kynningar fundargerð 98. fundar stjórnar byggðasamlags UTU sem haldinn var 22. febrúar 2023.

d) Fundargerð 99. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 8. mars 2023.

Lögd fram til kynningar fundargerð 99. fundar stjórnar byggðasamlags UTU sem haldinn var 8. mars 2023.

e) Fundargerð 9. fundar seyrustjórnar, 18. apríl 2023.

Lögd fram til kynningar fundargerð 9. fundar seyrustjórnar sem haldinn var 18. apríl 2023.

f) Fundargerð 9. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Arnesinga bs., 24. mars 2023.

Lögd fram til kynningar fundargerð 9. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Arnesinga bs., sem haldinn var 24. mars 2023.

g) Fundargerð 10. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Arnesinga bs., 14. apríl 2023.

Lögd fram til kynningar fundargerð 10. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Arnesinga bs., sem haldinn var 14. apríl 2023.

h) Fundargerð 5. fundar stjórnar Byggðasafns Arnesinga, 17. apríl 2023.

Lögd fram til kynningar fundargerð 5. fundar stjórnar Byggðasafns Arnesinga sem haldinn var 17. apríl 2023.

i) Fundargerð 2. fundar framkvæmdaráðs Almannaþingar Arnessýslu, 25. apríl 2023.

Lögd fram til kynningar fundargerð 2. fundar framkvæmdaráðs Almannaþingar Arnessýslu sem haldinn var 25. apríl 2023.

j) Fundargerð aukaaðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga, 21. apríl

Lögd fram til kynningar fundargerð aukaaðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn var 21. apríl 2023.

k) Fundargerð 59. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 24. mars 2023.

Lögd fram til kynningar fundargerð 59. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn var 24. mars 2023.

l) Fundargerð 60. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 4. apríl 2023.

Lögd fram til kynningar fundargerð 60. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn var 4. apríl 2023.

m) Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 17. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands sem haldinn var 17. apríl 2023.

n) Fundargerð Almannaþingarnefndar Árnæssýslu, 31. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð Almannaþingarnefndar Árnæssýslu sem haldinn var 31. mars 2023.

o) Fundargerð 922. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 31. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 922. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 31. mars 2023.

p) Fundargerð 923. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 5. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 923. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 5. apríl 2023.

q) Fundargerð 924. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 17. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 924. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 17. apríl 2023.

2. Erindi frá Sverri E. Eiríkssyni.

Sverrir E. Eiríksson kom inn á fundinn ásamt Kristni Ragnarssyni og Rafael Cao Romero Milan og kynnti áform um uppbyggingu ferðaþjónustu við Þrastalund og Ljósafossskóla.

Sveitarstjórn þakkar áhugaverða kynningu en vekur athygli á því að verkefnið þurfi að fara í gegnum lögformlegt skipulagsferli.

3. Næstu fundir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að næstu fundir sveitarstjórnar verði kl. 9.00 þann 17. maí og þann 24. maí.

4. Húsnæðisáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps 2023.

Lögð fram húsnæðisáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps 2023. Áætlunin var unnin á rafrænum grunni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi húsnæðisáætlun fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp 2023.

5. Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Fyrir liggur umsókn Birtu Flókadóttur um að barn hennar fái skólavist utan lögheimilissveitarfélags við Sjálandsskóla í Garðabæ út skólaárið 2022-2023 og skólaárið 2023-2024.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að barnið fái að stunda nám við Sjálandsskóla í Garðabæ út skólaárið 2022-2023 þar sem lítið er eftir af skólaárinu. Jafnframt er umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags skólaárið 2023-2024 hafnað og gert verður ráð fyrir barninu við undirbúning næsta skólaárs í Kerhólsskóla.

6. Frístundastrætó í Uppsveitum.

Lögð fram áskorun frá Íþróttafélögum Uppsveitanna þar sem skorað er á sveitarstjórnir í Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi að koma af stað verkefni í samstarfi við Íþróttafélögin með frístundastrætó til að auðvelda krökkum að stunda sína íþrótt sama hvar hún er stunduð í Uppsveitunum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa erindinu til umfjöllunar í oddvitanefnd Uppsveitanna.

7. Ársskýrsla Hjálparveitarinnar Tintron 2022.

Lagt fram til kynningar.

8. Ársskýrsla Skógræktarfélags Grímsnesinga 2022.

Lagt fram til kynningar.

9. Ársskýrsla Hestamannafélagsins Jökuls 2022.

Lagt fram til kynningar.

10. Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 150/2022.

Fyrir liggur úrskurður í máli nr. 150/2022, kæra á ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 5. október 2022 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar Kerhrauns C88.

Kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 5. október 2022 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar Kerhrauns C88 er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Ógildingu ákvörðunar sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. september 2022 um að samþykkja deiliskipulag Kerhrauns, svæða A, B og C, hvað varðar lóðina Kerhraun C88 er hafnað.

11. Aðalfundur Landskerfis bókasafna 2023.

Fyrir liggur að aðalfundur Landskerfis bókasafna hf verður haldinn þann 9. maí 2023 klukkan 14:30. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ragna Björnsdóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

12. Aðalfundur Rangárbakka.

Fundargerð aðalfundar Rangárbakka lögð fram til kynningar.

13. Mennta- og barnamálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 85/2023, „Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027“.

Lagt fram til kynningar.

14. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis kynnir til samráðs frumvarp til laga um mennta- og skólaþjónustustofu, 956. mál.

Lagt fram til kynningar.

15. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis kynnir til samráðs frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (sambætting þjónustu o.fl.), 922. mál.

Lagt fram til kynningar.

16. Forsætisráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 82/2023, „Grænbók um sjálfbært Ísland“.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins.

17. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 84/2023, „Valkostir og greining á vindorku. Skýrsla starfshóps“.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins.



Heldriborgaraferð 2023

Kvenfélag Grímsneshrepps býður íbúum Grímsnes og Grafningshrepps, 60 ára og eldri, í dagsferð.

Ferðin verður farin miðvikudaginn 7. júní.

Lagt verður af stað kl. 11 frá Félagsheimilinu Borg.

Fararstjóri verður að sjálfsögðu Unnur Halldórs.

Skráning þarf að berast í síðasta lagi mánudaginn 4. júní.

Brottför kl. 11 frá Borg, 7. júní.

Frekari upplýsingar og skráning:

Ragna sími 892-8180

Friðsemd sími 862-1982





Sveitarstjórn 547. fundur 17. maí 2023
kl. 09:00–12:20 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iða Marsibil Jónsdóttir

1. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningsshrepps 2022.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2022 lagður fram til fyrri umræðu. Á fundinn mætti Ólafur Gestsson endurskoðandi PWC og fór yfir reikninginn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa ársreikningnum til annarrar umræðu og að boðað verði til íbúafundar um ársreikninginn þann 25. maí klukkan 19:30.

2. Tilboð í hönnun innviða í fyrsta áfanga Vesturbyggðar og Miðsvæði.

Lagt fram minnisblað frá Ragnari Guðmundssyni, umsjónarmanni framkvæmda og veitna, um tilboð í hönnun innviða í fyrsta áfanga Vesturbyggðar og Miðsvæðis.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tilboð Eflu að upphæð 9.437.560,- kr. án vsk. og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

3. Erindi frá stjórn Búsetufrelsis, íbúasamtökum fólks með búsetu í heilsárshúsi í Grímsnes- og Grafningsshreppi.

Inn á fundinn komu Heiða Björk Sturludóttir, Sandra Gunnarsdóttir og Guðrún M. Njálisdóttir, fulltrúar úr stjórn Búsetufrelsis, íbúasamtaka fólks með búsetu í heilsárshúsi í Grímsnes- og Grafningsshreppi.

4. Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningsshrepps.

Á fundinn kom ungmennaráð Grímsnes- og Grafningsshrepps, þau Árni Tómas Ingólfsson, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Ísold Assa Guðmundsdóttir, Sigurður Thomsen ásamt starfsmanni ráðsins, Guðrúnu Ásu Kristleifsdóttur. Lagðar voru fram eftirfarandi tillögur ungmennaráðs;

Strætóskýli á Borg og frístundastrætó.

Frisbíggólfvöllur á Borg.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Guðrúnu Ásu Kristleifsdóttur, heilsu- og tómstundafulltrúa að afla upplýsinga og vinna málið áfram.

5. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar í flokki II að Dvergahrauni 5 í Grímsnes- og Grafningsshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 3. maí 2023, um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar í flokki II að Dvergahrauni 5, fnr 231-9418.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggja gegn útgáfu rekstrarleyfis á grundvelli laga nr. 85/2007 í flokki II að Dvergahrauni 5, fnr 231-9418 á þeim grundvelli að leyfisveitingin samræmist ekki heimildum gildandi deiliskipulags svæðisins.

Sveitarstjórn bendir á að heimildir aðalskipulags Grímsnes- og Grafningsshrepps 2020-2032 gera ráð fyrir að gististarfsemi geti verið á frístundasvæðum. Þó er gerð krafa um að gististarfsemi sé skilgreind í skilmálum gildandi deiliskipulags. Heimildir fyrir gististarfsemi innan deiliskipulags eru háðar því að fjöldi bílastæða innan lóðar sé fullnægjandi og að enginn lóðarhafi innan deiliskipulagssvæðisins leggist gegn starfseminni við breytingu á deiliskipulagi eða við gerð nýs deiliskipulags.

6. Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga.

Ársreikningur samtaka orkusveitarfélaga fyrir árið 2022 lagður fram til kynningar.

7. Bréf frá VÍN, vinum íslenskrar náttúru.

Lagt fram til kynningar.

8. Tillaga að svæðisskipulagsgerð fyrir Suðurrhálendið.

Lögð er fram tillaga að svæðisskipulagi Suðurrhálendis 2022-2042, greinargerð ásamt fylgiritum svæðisskipulagsins.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða og þakkar svæðisskipulagsnefnd um gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið fyrir góða vinnu.

9. Almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2023.

Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS), dagsett 10. maí 2023, til allra sveitarfélaga varðandi almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2023.

Bréfið var lagt fram til kynningar en þar kemur fram yfirlit yfir þær aðgerðir sem nefndin mun framkvæma á árinu 2023 vegna eftirlits með fjármálum sveitarfélaga, auk þess sem áréttaðar eru reglur um skyldu til að láta fara fram mat á áhrifum mikilla fjárfestinga og skuldbindinga á fjárhag sveitarfélaga.

10. Forsætisráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 82/2023, „Grænbók um sjálfbært Ísland“.

Lagt fram til kynningar.

11. Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 84/2023, „Valkostir og greining á vindorku. Skýrsla starfshóps“.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fagnar framkominni skýrslu starfshóps um vindorku, valkosti og greiningu en í skýrslunni eru dregin fram með skýrum hætti helstu álitaefni og valkostir um hagnýtingu á vindorku. Sveitarstjórn telur mikilvægt að sett verði skýrt regluverk og skýr stefna um vindorkunýtingu og tekur heilshugar undir umsögn stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og vill ítreka eftirfarandi punkta úr þeirri umsögn. Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni. Skipta þarf tekjum nærsamfélagsins af orkuvinnslu milli þeirra er verða fyrir beinum áhrifum, óbeinum áhrifum og til nærsamfélags megin flutningskerfis raforku. Eðlilegt er að stærsti hlutinn fari til nærsamfélags er verður fyrir beinum áhrifum og nokkuð jöfn hlutföll séu milli þess svæðis er verður fyrir óbeinum áhrifum og til nærsamfélags flutningskerfisins. Brýnt er að allar ákvarðanir tengdar vindorku og eftir atvikum öðrum virkjanakostum séu teknar á grundvelli skýrrar stefnu stjórnvalda, heildstæðu regluverki og skýrum leiðbeiningum sem tryggi samræmda og skilvirka framkvæmd og fyrirsjáanleika í ákvarðanatöku. Það verður því að setja það í forgang að gera skýra stefnu, setja heildstætt regluverk og vinna góðar leiðbeiningar.

12. Fundargerðir.

a) Fundargerð 260. fundar skipulagsnefndar UTU, 10. maí 2023.

Mál nr. 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 22 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 260. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 10. maí 2023.

Mál nr. 12; Neðra-Apavatn L168269; Skógarbrekkur L233752; stækkun lóðar – 2304047.

Lögð er fram umsókn er varðar stækkun landeignarinnar Skógarbrekkur L233752 úr 120 ha í 150 ha. Stækkunin kemur úr landi Neðra-Apavatns L168269.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stækkun landsins skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir erindið samhljóða með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnittsettri afmörkun.

Mál nr. 13; Neðra-Apavatn L168269; Álfadalur; Stofnun lóðar - 2304048.

Lögð er fram umsókn er varðar stofnun nýrrar landeignar úr landi Neðra-Apavatns L168269. Um er að ræða 110 ha land sem fær staðfangið Álfadalur.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun landsins samkvæmt fyrirbyggjandi umsókn og gerir ekki athugasemd við staðfangið Álfadalur. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnittsettri afmörkun.

Mál nr. 14; Þóroddsstaðir L168295; Álfheimar; Stofnun lóðar – 2304049.

Lögð er fram umsókn er varðar stofnun nýrrar landeignar úr landi Þóroddsstaða L168295. Um er að ræða 70 ha land sem fær staðfangið Álfheimar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun landsins samkvæmt fyrirbyggjandi umsókn og gerir ekki athugasemd við staðfangið Álfheimar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnittsettri afmörkun.

Mál nr. 15; Bjarnastaðir I L189338; Tjarnholtsmýri 1-15; Landbúnaðarsvæði; Skilgreining lóðarmarka, byggingarreita og byggingarheimilda; Deiliskipulag - 2301077.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóða við Tjarnholtsmýri 1-15 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóðarmarka, byggingarreita og byggingarheimilda. Heimilt verður að byggja íbúðarhús með bílageymslu/geymslu og aðstöðuhús/hesthús. Nýtingarhlutfall lóða má vera allt að 0,05. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með fyrirvara um að brugðist verði við umsögn Brunavarna Árnessýslu með ítarlegri hætti innan gagnanna, skipulagsfulltrúa er falið að leiðbeina umsækjanda um uppfærslu gagna í takt við umsögn. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins að öðru leyti.

Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrrgreindum fyrirvörum.

Mál nr. 16; Norðurkot; Frístundabyggð, svæði 1-4; Breytt byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2301079.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar breytingu á skilmálum deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis í landi Norðurkots. Í breytingunni felst að heimildir er varðar hámarksstærð aukahúss á lóð eru felldar út úr skilmálum deiliskipulagsins. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu ásamt því að mælast til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 17; Krókur L170822; Borun 3ju holu KR-03; Framkvæmdarleyfi – 2304046.

Lögð er fram umsókn frá Suðurdal ehf. er varðar borun á þriðju og síðustu borholu vegna fyrirhugaðrar gufuaflsvirkjunar. Gert er ráð fyrir um 400 m² borplani. Framkvæmdaaðili er jafnframt landeigandi. Framkvæmdin hefur lokið matsskyldufyrirspurnarferli Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi deiliskipulag og aðalskipulag.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdin byggir á heimildum gildandi deiliskipulags fyrir svæðið.

Mál nr. 22; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 23-184 – 2304006F.

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-184.

b) Fundargerð 29. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 28. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 29. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., sem haldinn var 28. apríl 2023.

c) Fundargerð 205. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga, 5. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 205. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga, sem haldinn var 5. maí 2023.

d) Fundargerð 227. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 4. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 227. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, sem haldinn var 4. maí 2023.

e) Fundargerð 25. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðurlandis, 5. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 25. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðurlandis, sem haldinn var 5. maí 2023.

f) Fundargerð 61. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 13. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 61. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, sem haldinn var 13. apríl 2023.

g) Fundargerð 62. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 21. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 62. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, sem haldinn var 21. apríl 2023.

h) Fundargerð 63. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 11. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 63. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, sem haldinn var 11. maí 2023.

i) Fundargerð 595. fundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 5. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 595. fundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 5. maí 2023.

j) Fundargerð 925. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 28. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 925. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 28. apríl 2023.

GÖNGUM SAMAN 60+

Sólheimum
Þriðjudaginn 20. júní klukkan 13:00

Hittumst við kaffihúsið Grænu Könnuna og göngum
þaðan Flóðahringinn sem er 2,3 km.

Endum á því að fara á kaffihúsið á Sólheimum.

Öll velkomin í léttu hreyfingu og góðan félagsskap.



BASAR – BASAR – BASAR

3. júní kl. 13:00 -16:00



Skólavöllum 1, Selfossi



Verið hjartanlega velkomin á sumarbasar Stróks að Skólavöllum 1 á Selfossi laugardaginn 3. júní kl. 13:00-16:00. Til sölu verður afrakstur iðjunnar okkar í vetur. Á heimasíðu okkar www.strokur.is er uppboð á eldahúsi, víta og álfahúsum. Hvetjum við fyrirtæki eða sveitarfélög til að styrkja okkur með kaupum á þeim og styðja þar með við gott málefni.



SUND

Sundnámskeið Hvatar verður
19. - 30. júní.

Námskeiðið er á morgnana og
fjöldi hópa fer eftir fjölda
þátttakenda.

Skráning á umfhvot@gmail.com
til 16. júní.

Kennari er Guðrún Ása
Verð: 15.000 kr.




Íþróttamiðstöðin Borg

Sumaropnun

1. júní – 20. ágúst
Mánudaga – fimmtudaga kl. 10:00 – 21:30
Föstudaga, laugardaga og sunnudaga
kl. 10:00 – 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi
netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is